

1868.

23. júní.

legast að fallast á, 12. þ. m., að Flóvent Halldórason, leiguliði á Brimnesi í Seyðisfjarðar hrepp, eign Eyða prestakalls í Norður-múlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, megi fá jörð þessa til kaups fyrir 2500 rd., þannig, að 1500 rd. af andvirðinu verði borgaðir um leið og kaupbréfið er af hendi látið, og að þeir 1000 rd., sem eftir eru, standi óborgaðir móti veði í jörðinni með fyrsta veðsetningarrétti og 4 af 100 í vexti á ári, og með því skilyrði, að undanþága sú frá skattgjaldi, er jörðin hingað til hefir notið, falli burtu eftir söluna, og að stiptsyfirvöldunum á Íslandi verði boðið að annast um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður í peningum, verði gjörður arðsamur fyrir Eyða brauð, annaðhvort á þann hátt, að keypt verði fyrir hann ríkisskuldabréf, er hljóði uppá nafn brauðsins, eða hann verði settur á leigu móti veði í fasteign.

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, til þess að þér kunngjörði það og gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf.

23. júní.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um einkennismerki handa hreppstjórunum í Eyrarsveit.

Með bréfi 3. marzmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá ásamt álitsskjali sýslumanns um hana; fara hreppstjórnarnir í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu þar þess á leit, að þeir verði látnir fá einkennismerki sem lögreglumenn, og marghlaupaðar skammyssur, til þess að þeir geti sýnt frakknescum fiskimönnum, sem hleypa inn á höfnina í Grundarfirði, sem liggur þar í sveitinni, merki uppá embættisvald sitt og líka til þess að geta varið sig, ef á þarf að halda. Hafið þér getið þess, að yður virðist ísjárvert að leggja fram með, að hreppstjórar þessir verði látnir fá skammyssur á opinberan kostnað, því að það kynni að leiða til blóðsúthellingar, en hins vegar beðið um, að tvö einkennismerki verði útveguð handa hreppstjórunum, þannig, að kostnaðurinn til þessa verði borgaður úr

jafnaðarsjóði amtsins, ef að ekki má gjalda hann úr ríkissjóðnum.

1868.
23. júní.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu eins og yður, herra amtmaður, hlýtur að virðast ísjárvert að láta ofan nefnda sýslunarmenn fá marghlaupaðar skammyssur, eins og þeir hafa beðið um, en að vör aptur á móti höfum eptir beiðni yðar látið útvega tvö einkennismerki handa þeim, sem lögreglumönnum, og eru þau send yður með bréfi þessu. Eruð þér beðnir að borga í jarðabókarsjóð Íslands úr jafnaðarsjóði amtsins 9 rd. 32 sk., sem borgaðir hafa verið úr aðalféhirzlu ríkisins fyrir einkennismerki þessi.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sé leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi.

25. júní.

Eptir að samningar höfðu farið fram milli utanríkisstjórnarinnar, sendiherra Belgíu konungs og sendiherra hins norður-þýzka sambands við hirð hans hátignar konungsins, hefir stjórnin samkvæmt heimild þeirri, sem henni er veitt í lögum 17. aprílmán. þ. á., um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, veitt skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi rétt á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, án tillits til lestatala þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins að Færeyjum meðtöldum.

Þetta skal yður hér með kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það.